

Nr. 166

16. febrúar 2007

AUGLÝSING um hækkun sorpurðunar- og sorpeyðingargjalfa í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 8.892 kr. og sorpeyðingargjald 7.654 kr. á hverja tunnu.

Sorpeyðingargjöld fyrir lögaðila við móttöku á flokkunarstöðvum hækka um 10% og verða eftirfarandi:

Flokkaður úrgangur	Kr./kg án vsk.	Kr./kg m/vsk.
Málmar og heimilistæki	8,14	10,13
Bylgjupappi	5,17	6,44
Gæðapappír	5,17	6,44
Annar pappír, plastfólíur, dagblöð og tímarit	5,17	6,44
Mjólkurfernur og aðrar drykkjarumbúðir	5,17	6,44
Fatnaður og skór til RKÍ eða annarra aðila	-	-
Plastumbúðir, önnur plastefni	6,88	8,56
Veiðarfæri, net, línur og kaðlar	6,88	8,56
Timbur, húsgögn o.fl.	6,88	8,56
Glerílát, rúður, postulín o.fl., þó ekki ljósaperur	6,88	8,56
Dekk, gúmmí	6,88	8,56
Garðaúrgangur	-	-
Byggingaúrgangur	6,88	8,56
Annar úrgangur til urðunar	10,34	12,87

Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 14. desember 2006 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 16. febrúar 2007.

Gunnar Jónsson,
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2007